

n	Umboðsmaður Alþingis	Kvartandi	Efni kvörtunar	Hvaða athugun fór UA í	Niðurstaða UA
1	Mál nr. 5481/2008	A ehf.	A ehf. kvartaði yfir úrskurði áfrýjunarnefndar samkeppnismála um að visa frá kæru félagsins vegna synjunar Samkeppniseftirlitsins á að veita félaginu aðgang að tilteknum upplýsingum sem félagið krafðist aðgangs að með vísan til upplýsingaréttar aðila máls, sbr. 15. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.	UA aflaði upplýsinga og sjónarmiða frá áfrýjunarnefnd samkeppnismála.	Var það niðurstaða umboðsmanns að forsendur áfrýjunarnefndar samkeppnismála fyrir niðurstöðu nefndarinnar í enduruppteknu máli A hefðu ekki veitt viðhlítandi grundvöll að lögum undir þá úrlausn nefndarinnar að visa frá kæru A ehf. Taldi umboðsmaður að ekkert sem fyrir lægi í málinu gæfi tilefni til annarrar ályktunar en að þau gögn og upplýsingar, sem A ehf. krafðist aðgangs að, hefðu hlutlægt séð verið þess eðlis að falla undir hugtaksskilgreiningu á „gögnum máls“ í 1. málsl. 1. mgr. 15. gr. stjórnsýslulaga og þar með 19. gr. sömu laga. Umboðsmaður fjallaði einnig um annmörkum á ákvörðun Samkeppniseftirlitsins í máli A. Benti hann á að í nánar tilgreindu bréfi eftirlitsins til A hefði ákvörðun um synjun að hluta um aðgang að gögnum verið rökstudd. Í bréfinu hefði ekki verið vísað til neinna réttarreglna til rökstuðnings ákvörðuninni. Þá væri í bréfinu ekki að finna neinar leiðbeiningar um rétt A til kæru, kæruleið, kærufrest eða önnur atriði varðandi rétt til að kæra umrædda ákvörðun til aðra stjórnvalds. Var það því niðurstaða umboðsmanns að ákvörðun Samkeppniseftirlitsins hefði að þessu leyti ekki verið í samræmi við kröfur sem leiddu annars vegar af 1. mgr. 19. gr. stjórnsýslulaga og hins vegar af 1. mgr. 7. gr. stjórnsýslulaga. Af þessum sökum ritaði umboðsmaður Samkeppniseftirlitinu bréf þar sem sérstök athygli var vakin á áliti hans í máli þessu. Með hliðsjón af ofangreindu beindi UA þeim tilmælum til áfrýjunarnefndar samkeppnismála, sbr. b-lið 2. mgr. 10. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis, að nefndin taki ofangreint mál A ehf. til meðferðar að nýju komi fram beiðni þar að lútandi frá félaginu. Jafnframt beindi UA þeim tilmælum til nefndarinnar að við hugsanlega meðferð þess á slíku enduruppteknu máli A ehf. og í sambærilegum málum í framtíðinni verði höfð í huga þau sjónarmið sem gerð er grein fyrir í áliti þessu.
2	Mál nr. 6432/2011	A ehf.	A ehf. kvartaði yfir því að Samkeppniseftirlitið hefði ekki svarað skriflegu erindi er beint hefði verið til þess 25. nóvember 2010. Í erindinu var óskað upplýsinga um nánar tiltekin atriði varðandi yfirtöku fasteignafyrirtækja.	UA aflaði upplýsinga og sjónarmiða frá SE.	UA lauk málinu með vísan til 1-liðar 2. mgr. 10. gr. laga nr. 85/1997. Í skýringum Samkeppniseftirlitsins kom m.a. fram að erindið hefði verið skráð í ábendingakerfi stofnunarinnar en láðst hefði að upplýsa A ehf. um að erindið teldist ekki tækt til formlegrar meðferðar. Farið hefði verið yfir verklag til að tryggja að þetta endurtæki sig ekki. Skýringum til umboðsmanns fylgdi jafnframt svarbréf Samkeppniseftirlitsins til A ehf. þar sem fyrirsurnarbréfinu hafði verið svarað taldi umboðsmaður ekki tilefni til að fjalla frekar um kvörtunina en benti A ehf. á að ef félagið væri ósátt við viðbrögð Samkeppniseftirlitsins væri því frjálst að leita til sín að nýju.
3	Mál nr. 6508/2011	A ehf.	A ehf. kvartaði yfir því að Samkeppniseftirlitið hefði ekki afgreitt fimm tilgreind mál er vörðuðu B hf. og hófust með kvörtunum A ehf.	UA aflaði upplýsinga og sjónarmiða frá SE.	Af skýringum Samkeppniseftirlitsins til umboðsmanns vegna málsins varð ekki annað ráðið en að vænta mætti niðurstöðu í þremur málanna á næstu vikum og að fjórða málið hefði verið haft til hliðsjónar við úrvinnslu á fimmta málinu og miðaði rannsókn þess máls áfram. Í ljósi skýringanna taldi umboðsmaður ekki tilefni til að aðhafast frekar að svo stöddu í tilefni af kvörtuninni en tók fram að A væri heimilt að leita til sín að nýju yrði frekari óeðlilegur dráttur á afgreiðslu málanna.
4	Mál nr. 6622/2011	A ehf.	Kvartaði yfir því að SE hefði ekki enn svarað beiðni um endurupptöku á ákvörðun í máli félagsins. Kvörtunin laut jafnframt að því að SE hefði ekki fallist á fyrri beiðni félagsins um endurupptöku.	UA aflaði upplýsinga og sjónarmiða frá SE.	Umboðsmaður taldi að ákvörðun um að fallast ekki á endurupptökubeiðnina frá 10. nóvember 2008 hefði verið tekin utan við ársfrest í 2. mgr. 6. gr. laga nr. 85/1997 og því væru ekki skilyrði að lögum til að fjalla um niðurstöðu Samkeppniseftirlitsins í því máli eða meðferð þess á málinu. Í ljósi skýringa Samkeppniseftirlitsins á stöðu síðari málsins með tilliti til rannsókna þess taldi umboðsmaður ekki heldur ástæðu til að aðhafast frekar að svo stöddu í tilefni af kvörtun yfir tófum á afgreiðslu þess.
5	Mál nr. 6696/2011	A ehf.	Kvartaði yfir málsmeðferðartíma SE í tveimur kvörtunarmálum félagsins.	Með almennt fyrirspurn, í tengslum við mál nr. 7068/2012, aflaði UA upplýsinga og sjónarmiða frá SE og efnahags- og viðskiptaráðuneytinu.	Af skýringum Samkeppniseftirlitsins til umboðsmanns í tilefni af almennt fyrirspurn sem umboðsmaður hafði þegar beint til stofnunarinnar vegna málsmeðferðartíma hennar taldi hann ljóst að Samkeppniseftirlitið væri meðvitað um vanda sem uppi væri hjá sér og leitaði leiða til að bregðast við honum. Umboðsmaður taldi því ekki ástæðu til að aðhafast gagnvart Samkeppniseftirlitinu að eigin frumkvæði, sbr. 5. gr. laga nr. 85/1997, eða í tilefni af máli A ehf. og lauk athugun sinni á því.
6	Mál nr. 6695/2011	A ehf.	Kvartaði yfir málsmeðferðartíma SE í tveimur kvörtunarmálum félagsins.	Með almennt fyrirspurn, í tengslum við mál nr. 7068/2012, aflaði UA upplýsinga og sjónarmiða frá SE og efnahags- og viðskiptaráðuneytinu.	Af skýringum Samkeppniseftirlitsins til umboðsmanns í tilefni af almennt fyrirspurn sem umboðsmaður hafði þegar beint til stofnunarinnar vegna málsmeðferðartíma hennar taldi hann ljóst að Samkeppniseftirlitið væri meðvitað um vanda sem uppi væri hjá sér og leitaði leiða til að bregðast við honum. Umboðsmaður taldi því ekki ástæðu til að aðhafast gagnvart Samkeppniseftirlitinu að eigin frumkvæði, sbr. 5. gr. laga nr. 85/1997, eða í tilefni af máli A ehf. og lauk athugun sinni á því.
7	Mál nr. 7068/2012	Ótilgreind félög og einstaklingar	Kvartanir vegna málsmeðferðartíma.	Í október 2011 ritaði umboðsmaður Alþingis Samkeppniseftirlitinu bréf og óskaði eftir vissum upplýsingum um málsmeðferðartíma stofnunarinnar. Tildrög fyrirspurnarinnar voru kvartanir og ábendingar sem umboðsmanni höfðu borist frá félögum og einstaklingum. UA aflaði upplýsinga og sjónarmiða frá um málsmeðferðartíma frá SE. UA aflaði einnig upplýsinga frá efnahags- og viðskiptaráðherra, sem þá fór með málaflokk samkeppnismála. Óskaði UA upplýsinga um hvort ráðuneytið hefði vitneskjum um þá stöðu sem SE væri í og þá hvort lagt hefði verið mat á hana og gripið til einhverra aðgerða.	Í skýringum atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins, sem tók við samkeppnismálum af efnahags- og viðskiptaráðuneytinu, kom m.a. fram að ráðuneytið tæki undir það að álág á Samkeppniseftirlitið hefði aukist mjög á síðustu misserum og hefði lagt áherslu á að vekja athygli á þörf fyrir viðbótarfjárhéimildir til að gera því kleift að sinna hlutverki sínu. Því var síðan nánar lýst hvað gert hefði verið í þeim efnum og að fyrirhugað væri að kynna málið á vettvangi fjárlaganefndar Alþingis vegna fjárlaga 2013 og fjárlaukalaga 2012. Í ljósi þessara svara taldi umboðsmaður ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna málsins að sinni enda var ljóst að atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu væri kunnugt um stöðu Samkeppniseftirlitsins og einnig væri boðað að málið yrði tekið upp á vettvangi Alþingis. Umboðsmaður lauk því meðferð sinni á málinu en tók fram að hann myndi áfram fylgjast með málshraða Samkeppniseftirlitsins og taka hann til frekari athugunar ef ástæða yrði til þess.

8	Mál nr. 7274/2012	A ehf.	A ehf. kvartaði yfir því Samkeppniseftirlitið hefði, eftir að ákvörðun stofnunarinnar um að félagið hefði misnotað markaðsráðandi stöðu sína var felld úr gildi með úrskurði áfrýjunarnefndar samkeppnismála, tekið málið til nýrrar meðferðar.	UA aflaði upplýsinga og sjónarmiða frá SE.	Umboðsmaður tók fram að ekki væri gert ráð fyrir að einstök mál kæmu til athugunar hjá sér á meðan þau væru til meðferðar hjá stjórnvöldum nema vegna tafa á málsmeðferð. Þegar gætt væri að aðdraganda þess að Samkeppniseftirlitið tók mál A ehf. að nýju til meðferðar og stöðu málsins samkvæmt skýringum Samkeppniseftirlitsins taldi umboðsmaður ekki tilefni til þess að svo stöddu að fjalla um framgang málsins og málshraða hjá stofnuninni.
9	Mál nr. 8392/2015	A. hf.	A hf. kvartaði yfir málsmeðferð Samkeppniseftirlitsins vegna rannsóknar sem var yfirstandandi.	UA aflaði upplýsinga og skýringa hjá SE.	Málinu var lokið með bréfi til kvartanda 13. október 2015 þar sem umboðsmaður taldi ekki ástæðu til að taka málið til nánari skoðunar. Þannig hafi meðferð málsins verið í stöðugri vinnslu og rannsóknarhagsmunir valdið því að nauðsynlegt var að bíða með afhendingu gagna. ÁNS hafði gert athugasemdir við ákveðinn drátt á afhendingu ákveðinna gagna.
10	Mál nr. 9982/2018	A hf.	A hf. kvartaði yfir töfum á málsmeðferð stjórnisslumáls sem Samkeppniseftirlitið hefur til meðferðar vegna meints ólögðs samráðs.	UA aflaði upplýsinga og sjónarmiða frá SE. Í kjölfarið átti UA fund með forstjóra og aðstoðarforstjóra SE um ýmis málefni stofnunarinnar, m.a. um stöðu þessa máls.	Málið virtist vera í tilteknum farvegi hjá Samkeppniseftirlitinu. Umboðsmaður benti A hf. því á að mögulegt væri að leita til áfrýjunarnefndar samkeppnismála og því ekki rétt að taka kvörtunina til frekari meðferðar. Hann skrifaði Samkeppniseftirlitinu þó bréf með ábendingum vegna málsmeðferðarinnar.
11	Mál nr. 10098/2019	A ehf.	A ehf. kvartaði yfir mögulegum brotum í málsmeðferð áfrýjunarnefndar samkeppnismála vegna úrskurðar í samrunamáli.	UA aflaði upplýsinga hjá ÁNS.	Málinu var lokið með bréfi til kvartanda 26. maí 2020 þar sem umboðsmaður komst að þeirri niðurstöðu að hvorki væri ástæða til þess að gera athugasemd við málsmeðferð ÁNS eða SE. Meðal annars var fjallað um jafnfræðisregluna og að hún kæmi ekki í veg fyrir að skilgreiningar á mörkuðum gætu tekið breytingum í tímans rás, eða á grundvelli betri gagna.
12	Mál nr. 12100/2023	A ehf.	A ehf. kvartaði yfir því að Samkeppniseftirlitið hefði ekki afgreitt tvö erindi.	UA aflaði upplýsinga og skýringa hjá SE.	Málinu var lokið með bréfi til kvartanda 28. júlí 2023 þar sem umboðsmaður taldi ekki tilefni til að aðhafast frekar. Í svari Samkeppniseftirlitsins kom fram að fyrri erindið hefði verið framsent Orkustofnun og viðkomandi gerð grein fyrir því. Af svörum og öðrum gögnum málsins varð ráðið að seinna erindið væri í virku ferli þrátt fyrir nokkuð langan rannsóknartíma. Auk þess hefði verið upplýst reglulega um framvindu þess.
13	Mál nr. 12174/2023	X ehf.	Kvartað var yfir matvælaráðuneytinu og Samkeppniseftirlitinu vegna gagnabeiðni eftirlitsins í tengslum við athugun þess sem miðaði að því að kortleggja stjórnunar- og eignatengsl sjávarútvegsfyrirtækja.	Engin gagnaöflun	Málinu lauk með bréfi 5. júní 2023 þar sem ekki var ráðið af kvörtuninni að kvartandi hafi freistað þess að bera athugasemdir félagsins undir stjórn Samkeppniseftirlitsins eða að afstaða hennar liggja fyrir með öðrum hætti en samkvæmt 3. mgr. 6. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis, er ekki unnt að kvarta til umboðsmanns ef skjóta má máli til æðra stjórnvalds og það hefur ekki felt úrskurð sinn í málinu. Í ljósi þessa taldi UA ekki rétt að taka kvörtunina til frekari athugunar að svo stöddu. Sjá einnig sams konar mál nr. 12225/2023 en því lauk með bréfi 12. júní 2023. Sjá einnig mál nr. 12322/2023 og 12337/2023 þar sem kvartað var yfir sömu athugun Samkeppniseftirlitsins á stjórnunar- og eignatengslum í sjávarútvegi og upplýsingabeiðni þar að lútandi. Málunum lauk með bréfi 11. ágúst 2023 og 17. október 2023. Í seinna skiptið vísaði UA til þess að umræddri athugun hefði verið hætt og því ekki tilefni til að fjalla frekar um kvörtunina.
14	Mál nr.12801/2024	X ehf.	Kvartað var yfir því að Kirkjugarðar Reykjavíkur byðu upp á þjónustu við umhirðu á leiðum, án þess að veita upplýsingar um aðra þjónustuaðila og byggt á að háttsemin væri skaðleg samkeppni.	Engin gagnaöflun	Málinu lauk með bréfi 18. júlí 2024. Ekki varð ráðið að athugasemdirnar hefðu verið lagðar fyrir stjórn kirkjugarðanna og eftir atvikum kirkjugarðaráðs og því ekki skilyrði til að umboðsmaður fjallaði að svo stöddu um kvörtunina. Hvað samkeppni og tjón snerti var viðkomandi bent á að leita til Samkeppniseftirlitsins.